

Magnús Kjaran stórkaupmaður

ÞAR sem ég var forseti Sameinaðs þings árið 1930, hefir Morgunblaðið beðið mig um umsögn um framkvæmdastjórn Magnúsar Kjaran á Alþingishátíðinni.

Ég kynntist Magnúsi fyrst í Ungmennafélagi Reykjavíkur. Magnús var meðal forustumanna, þegar ég gerðist þar nýliði. Mér sýndist allt leika í höndum hans eins og svo oft síðar. Hann var íþrótt- og glímumaður, mælskur vel, tók mikinn þátt í kappræðum, var fylginn sér í öllu og þó lipurmenni. Þá þótti og muna um hans lið við fjáröflun, tom-bólur og hvaða framkvæmd sem var.

Allt þetta var okkur vel kunnugt, sem sátum í undirbúningsnefnd Alþingishátíðarinnar 1930, enda var Magnús einróma kjörinn framkvæmdastjóri nefndarinnar strax og herða þurfti á undirbúningi. Það var greinilegt að stórhugur og bjartsýni fór vaxandi við hans tilkvámu. Varð Magnús innan skamms að láta af sinni atvinnu, og gefa sig allan við undirbúningsframkvæmdum hátíðarinnar. Hinn reyndi ungmennafélagi var gripinn af hinu nýja verkefni, og fórnaði eigin hagsmunum.

Það er ekki laust við að mig sundli nú eftir á, þegar ég hugsa til hinna margþættu starfa, sem framkvæmdastjórnin þurfti að anna á einum tveim árum. Samstarf við héraðsnefndir, Vestur-Íslendinga, íþróttamenn, söngfólk, fyrirhyggja um gististaði, matföng, bíla, vegabætur og tjöld, boð og aðbúnað erlendra fulltrúa — allt lék þetta í höndum Magnúsar eins og fyrri störf. Úr mörgum snurðum og flækjum þurfti þó að greiða.

Þá þurfti Magnús að sjá fyrir skreytingu á skálum, héraðsmerkjum, minnispeningum, öllum borðbúnaði o. s. frv., og var það sérstakt hvað örugg smekkvísi lýsti sér í því öllu. Það eru nú kjörgripir, allt sem útvegað var til hátíðarinnar. Ekki sá þreytu á Magnúsi, heldur herti hann róðurinn eftir því sem hátíðin nágaðist, og fyrst á þriðja og síðasta degi Þingvallahátíðarinnar merktist, að öllum má ofgera.

Áætlunin um framkvæmd

EFTIRFARANDI ljóð eftir Tómas Guðmundsson birtist í „Afmælskveðju til Magnúsar Kjaran“ sem gefin var út á sjötugsafmæli hans. Í bókina rita ýmsir vinir Magnúsar, þ. á. m. skáldið og nefnist ljóðið „VÍSNAÐROT TIL VINAR OG BÓKAMANN“.

Mörg bók, sem eflði traust og táp í raunum, hlaut tortímingu og gleymsku að þjóðar launum, en til er einnig ævintýri það, að gamalt kver, sem eyðing elti á röndum, varð aftur veglegt djásn í góðum höndum og hlaut á réttri hillu samastað.

Og stærra ián ei verður bókum búið. Þær bera með sér, hverju er að þeim snúið, og vitna í öllu um viðmót eigandans. Og enginn haldi, að bækur láti blekkjast. Af bók og vinum maðurinn skal þekkjast, því hvort um sig ræðst eftir eðli hans.

Og oss er tjáð, að einnig síðast hafni vor eigin saga í drottins bókasafni, og þar kvað vera sitt af hvoru að sjá. En hvort mun þar þann höfund skorta hylli, sem hefur sína lífsbók skráð af snilli, og hvorki tryggð við bók né vini brá?

Tómas Guðmundsson.

Þúsund ára afmælishátíðar Alþingis var djörf. Verkefni framkvæmdastjórnar var að reisa þrjátíu þúsund manna bæ til þriggja náttu í óbyggð. Viðfangsefnið var leyst með ágætum. Þó að fjöldi ágættra manna komi þar við sögu, þá munu allir, sem til þekkjast, vera á einu máli um það, að framkvæmdastjórnin, Magnús Kjaran, á stærstu þökkina fyrir, að allt fór vel úr hendi um undirbúninginn, og varð íslenskri þjóð til hátíðabrigðis og sóma.

Þó margs væri fleira að minnast, þá blasir minning Magnúsar einna skýrast við mér í ljósi Alþingishátíðarinnar. Tilefnið var stórt, og risið var hátt á þeirri hátíð. Fjölhæfni og framtak Magnúsar lyfti þá grettistaki. Við erum margir, sem minnumst nú Magnúsar Kjaran með söknuði og þakklæti, og óvini átti hann enga.

ASGEIR ASGEIRSSON

ÞEGAR fundum okkar Magnúsar Kjaran bar fyrst saman fyrir 45 árum, var hann hinn siglaði og reifi íþróttamaður í anda, fullur af áhuga fyrir líkamlegri og andlegri hreyfingu og atgerfi. Aldrei hef ég séð svipmeiri íþróttamann og eldlegri í fasi en Magnús. Þeir unnu saman í „Liverpool“ Sigurjón Pétursson og Magnús, og handatiltektum þeirra við afgreiðslu gleymir enginn, sem einu sinni sá þær. Það var einnig íþrótt á háu stigi. Síðar gerðist hann sinn eigin herra á sviði verzlunar og stórkaupmennsku og rak allt í stórum stíl, sem hann kom nálægt.

KYNNI mín við Magnús Kjaran stórkaupmann voru ekki ýkja löng, og ekki voru samfundir okkar heldur næsta tíðir. Hann var roskinn að árum, en ég ungur, þegar leiðir okkar lágu saman. Við komum hvor úr sínu landshorni og störf okkar voru á ólíkum sviðum. Samt varð hann mér tryggur og hollur vinur og eftirminnilegri persónuleiki en margur annar, sem ég hef átt meiri skipti við. Aðrir munu segja sögu hans, nú þegar hann er horfinn. Þeir munu segja frá afrekum hans í íþróttum og félagsmálum á yngri árum, frá ævilöngu starfi hans að verzlun og viðskiptum hér í bænum, frá framkvæmdastjórn hans á alþingishátíðinni miklu 1930.

Um það atriði get ég þó nokkuð borið af eigin raun, því að Þjóðminjasafnið tók við gögnum hátíðarnefndarinnar, heilu safni skjala og minjagripa, sem allt talar skýru máli um stórhug og áráði og úrræði, og það leynir sér ekki hvaða þátt kjarkur og framtak framkvæmdastjórnar átti í því öllu. Það verk, sem Magnús Kjaran vann með þessu fyrir þjóð sína, mun ekki gleymast. En ég vil með þessum fáu orðum aðeins minnast hans eins og hann kom mér fyrir sjónir eftir að ég kynntist honum. Magnús Kjaran var kaupþýslumaður með menningaráhuga. Hann fluttist ungur í bæinn utan af landsbyggðinni eins og svo margur annar, og var fyrir löngu orðinn gróinn Reykvikingur og hafði á sér fyrirmannlegt og fagað snið borgarbúans. Hann var frjálsmanngætur og glæsilegur í framgöngu og eflaust þeim eiginleikum búinn, sem gera mann sigursælan og vinsælan í viðskiptalífi. En kaupþýslan ein, þótt rekin væri með glæsibrag, fullnægði honum ekki. Hann var maður með andlegar þarfir, þráði fagurt og listrænt umhverfi, hafði hneigð til að iðka orðsins list, ósvikinn Íslendingur í lifandi áhuga sínum á bókmenntum og bókum. Magnús Kjaran átti afburða gott bókasafn. Hann safnaði íslenskum bókum og veitti þeim aðhlyningu af smekkvísi og höfðingsskap. Hann ræktaði safn sitt og gerðist ágætlega bókráðgjafi og ritaði nokkuð um bókfræðileg efni. Það var gaman að heyra hann tala um bækur sínar og ánægjulegt að vita þennan önnur kafna mann viðskiptalífsins eiga sér þennan áhuga og athvarf utan við daglegt veraldarvafstur. Það fannst að þarna voru þau verðmæti, sem honum voru hjartfölgin. Hann hafði unnið sig upp úr fátækt, komið vel undir sig fótum og orðið efnaður maður. Borgaraleg velgengni var honum eflaust mikils virði. En ég hygg þó ekki fyrst og fremst sjálf frá hennar vegna, heldur sem frelsj til þess að geta látið eftir sér munað andlegra verðmæta, til að geta eignast og lifað listaverk og bækur og búið við skilyrði sem fullnægðu menningarvilja hans. Og til að geta haldið þeirri raun, sem honum var í blóð borin, á heimili og í samskiptum við menn. Magnús Kjaran var einstakur höfðingi í lund, gestrisinn og veitull. Heimili hans og Soffíu konu hans var þekkt fyrir frábær myndarskap, gestrisni og hlýleik. Eg sagði að Magnús hefði verið kaupþýslumaður með menningaráhuga. Heimill hans bar þess ljósan vott. Þess munu margir minnast nú, við lát hans, og senda frá Soffíu og börnum þeirra hjóna samúðarkveðjur.

Það er margt að minnast frá liðnum samverustundum. Glaðari mann í vinahóp var vart hægt að hugsa sér. Og mér fannst gleðin, starfsgleðin, lífsgleðin vera uppstáðan í lífi Magnúsar. Slíkur maður hefði seint kvartað. Þótt eitthvað hefði á bjátað. En hann var gæfumaður og hamingjubarn. Átti ekki sízt þátt í hamingju hans hin ágæta og mikilhæfa eiginkona hans, frá Soffíu, sem ásamt börnunum skapaði honum hið yndislegasta heimili. Við vinir hans kveðjum hann með trega og sendum konu hans og börnum hjartanlegustu samúðarkveðjur.

Páll Ísólsson.



um mega vera í þeim hópi og votta minningu Magnúsar Kjaran virðingu og þökk.

Kristján Eldjárn.

NOKKUR ÆVIATRÍÐI

Magnús Kjaran var átta ára gamall þegar hann flutti til Reykjavíkur, en hann taldi sig alltaf „Reykviking í húð og hár“, eins og hann komst að orði.

Magnús var fæddur að Vælu-gerði í Flóa. Faðir hans var Tómas Eyvindsson (f. 1854 að Daðastöðum í Fljótshlíð, d. í Rvík 2. febr. 1916), en móðir hans Sigríður Pálsdóttir (f. 3. des. 1864 að Þingskálum á Rang-árvöllum, d. 20. des. 1946 í Rvík). Magnús Kjaran var af Víkingslækjarætt.

Magnús hóf snemma verzlun- arstörf, fyrst sem starfsmaður hjá Th. Thorsteinsson í verzlun- inni Liverpool, síðar sem með- eigandi, og að lokum rak Magnús verzlunina einn um margra ára skeið, og var Liverpool þá með stærstu og vinsælustu mat- vælaverzlunum í Reykjavík. Eftir 1930 stofnaði Magnús heild verzlun, sem hann rak við góðan orðstír til dauðadags. Hann átti um skeið sæti í Verzlunar- ráði Íslands, einnig í stjórn Fé- lags ísl. stórakupmanna. Á með- ann Magnús sat í Verzlunarráð- inu vann hann mikið starf fyrir Verzlunarskóla Íslands. Í byrjun seinnir heimsstyrjaldar- innar átti hann mikinn hlut að stofnun Innflytjendasambands- ins og var framkvæmdastjóri þess til stríðsloka. Hann var einnig um margra ára skeið framkvæmdastjóri Sambands ísl. bakameistara. Magnús stofnaði með öðrum Sænsk- íslenska verzlunarfélagið h.f. og Bókfélagsútgáfunu h.f. og var maður í báðum félögum.

Magnús gekk ungur í Ung- mennafélagið og starfaði þar af lífi og sál.

Magnús var góður íþróttamað- ur, og var m.a. í hópi íslensku glímumannanna, sem sendir voru á Olympíuleikana árið 1912. Síðustu áratuginu var hann mikill áhugamaður um golf.

Fyrir rúmum áratug gekkst Magnús fyrir stofnun Lions fé- laganna á Íslandi. Hann var fyrsti formaður fyrsta félagsins, Lionsklúbbs Reykjavíkur, og síðar, þegar Ísland var gert að sérstökum umdæmi, var Magnús kjörinn fyrsti umdæmisstjóri Lionsfélaganna á Íslandi. Magnús var drifljóðrin í starfi Lions- félaganna til dauðadags.

Annars staðar er vikið að Al- þingishátíðinni 1930, en þar hafði Magnús framkvæmda- stjórni.

Magnús kvæntist (25. sept. 1915) Soffíu dóttur Franz Siem- sen, sýslumanns. Lifir hún mann sinn. Börn þeirra eru Birgir, alþingismaður, (kvæntur Svein- björgu Blöndal), Þórunn (kona Péturs Ólafssonar forstjóra Isa- foldar), Sigríður (kona Sigur- jóns Sigurðssonar lögreglu- stjóra), og Eyþór í heimahúsum.

Sumarbústaður

í nágrenni Reykjavíkur óskast til leigu yfir sumar- mánuðina. — Upplýsingar í síma 15973.

Iðnaðarhúsnæði

100 til 150 fermetra iðnaðarþiáss óskast sem fyrst. Tilboð sendist í pósthólf 529 merkt: „Iðnaðarhúsnæði“.

— 4994“.